

Kennslukönnun á vorönn 2016¶

Samkvæmt 40. og 41. gr. laga um framhaldsskóla frá árinu 2008 skal hver framhaldsskóli meta kennslu og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti. Mennta- og menningarmálaráðuneytið lætur síðan gera úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla á fimm ára fresti. Verkmenntaskólinn á Akureyri gerir áfanga- og kennslumat á meðal nemenda skólans á hverri önn samkvæmt verklagi í gæðahandbók VMA (sjá VKL 402). Aðrar úttektir á námi og kennslu eru gerðar á hverri önn eins og list er í sjálfsmatsáætlun hvers skólaárs t.d. áfangaskýrslur, framvindumat og ýmsar samantektir á árangri nemenda. Annað hvert ár er gerð þjónustukönnun á meðal nemenda þar sem spurt er um ýmsa aðra þætti en kennslu og nám í einstaka áföngum. Niðurstöður þessara kannanna eru notaðar til að mæla gæðamarkmið skólans er lúta að kennslu áfanga og líðan nemenda.¶

Tilgangur áfanga- og kennslukannanna er að kanna hvernig til hafi tekist í áfanganum og í skólastarfinu með það að markmiði að bæta það sem betur má fara. Allir kennarar fá eigin niðurstöður úr kennslukönnunum birtar í gegnum Innu og eru niðurstöður hvers kennara ræddar í starfsmannaviðtali við skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Hvert fag/braut fær niðurstöðu deildar/brautar sem rædd er á fag-/brautarfundi og er fundagerð skilað til skólameistara. Þá fer gæðaráð skólans yfir heildarniðurstöður kennslukönnunar hvernar annar.¶ Fag- og brautarstjórar ásamt öðrum stjórnendum hafa forgöngu um að nýta niðurstöður kannanna til að bæta faglegt starf innan skólans og tryggja þannig að nemendur fái þá kennslu sem lagt er upp með innihaldi áfanga og nýttar séu þær kennsluaðferðir sem best hæfa námi nemenda.¶

Kennslukannanir eru gerðar á hverri önn og er 1/3 af áföngum skólans inni í hverri könnun. Því þarf samanlagt meðaltal 3ja anna til að fá meðaltal skólans.


Kennslukönnun á vorönn 2017 fór fram í febrúar og mars. Nemendur í þeim áföngum sem voru í úrtaki voru spurðir út í kennara, kennslu og áfangann. Á vorönn 2016 voru áfangar og kennarar á eftirfarandi brautum/fögum í úrtakinu: listnámi, samfélagsgreinum, byggingagreinum, viðskiptagreinum og stærðfræði. Könnunin var unnin í gegnum Innu og fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með upplýsingum um könnunina. Alls voru sendar út 1609 kannanir og fengust 641 svör eða tæplega 40% svörun sem er dræm svörun. Nemendur fengu ítrekun í tölvupósti tvisvar sinnum en lítið var farið í stofur til að biðja nemendur að svara könnuninni.

Alls var spurt um 32 kennara og 72 áfanga. Hægt er að nálgast niðurstöður einstaka áfanga inni á kannanakerfi Innu sem aðstoðarskólameistari hefur aðgang að.¶

Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 85% nemenda svari spurningunni: Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Í kennslukönnun í VMA á vorönn 2017 svara 94% nemenda spurningunni Aðstaða til náms og kennslubúnaður (tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Meðaltal þriggja anna, vorannar 2017 (94%), haustannar 2016 (93%) og vorannar 2016 (88%) er 92%. Þannig að gæðamarkmið VMA við þessari spurningu nást.¶

Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og töl) í áfanganum eru viðunandi (Svarhlutfall 640/641)


1. Mjög sammála - 51% (328/640)
2. Frekar sammála - 43% (278/640)
3. Frekar ósammála - 5% (30/640)
4. Mjög ósammála - 1% (4/640)



Samkvæmt gæðamarkmiðum VMA er stefnt að því að 85% nemenda svari spurningunni: Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Í kennslukönnun í VMA á vorönn 2017 svara 91% nemenda spurningunni Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum með því að svara frekar sammála eða mjög sammála. Meðaltal vorannar 2016 (89%), haustannar 2016 (88%) og nú vorannar 2016 (91%) við þessari spurningu er 89% þannig að gæðamarkmið VMA við þessari spurningu nást miðað við meðaltal síðustu þriggja anna. Gæðamarkmiðið þarf að skoða fyrir síðustu þrjár annir til að ná öllum áföngum inn í svörunina þar sem kennslukannanir eru gerðar á 3ja anna fresti.

Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum (Svarhlutfall 637/641)

1. Mjög sammála - 58% (367/637)
2. Frekar sammála - 34% (214/637)
3. Frekar ósammála - 6% (36/637)
4. Mjög ósammála - 3% (20/637)



Eftirtaldir kennarar voru í áfangamati þessa önn:

Anna María Guðmann(AMÍ), Arna Guðný Valsdóttir(AVA), Bragi Sigurður Óskarsson(BSÓ), Bragi Sigurður Óskarsson(BSÓ), Kristján Davíðsson(KRD), Þorleifur Jóhannsson(ÞOR), Elín Björk Unnarsdóttir(EBU), Gunnar Bergmann Arnkelsson(GBE), Halldór Torfi Torfason(HTT), Halldór Torfi Torfason(HTT), Ketill Sigurðarson(KES), Halldóra Björg Sævarsdóttir(HBS), Hallgrímur Stefán Ingólfsson(HGI), Haukur Jónsson(HAJ), Hálfán Örnólfsson(HÖR), Helga Björg Jónasardóttir(HBJ), Helga Jónasdóttir(HEL), Hermann Jón Tómasson(HTÓ), Hrafnhildur S Sigurgeirsdóttir(HRS), Indriði Arnórsson(INA), Íris Ragnarsdóttir(ÍRA), Íris Ragnarsdóttir(ÍRA), Katrín Harðardóttir(KAH), Katrín Harðardóttir(KAH), Ketill Sigurðarson(KES), Kristjana Pálsdóttir(KPÁ), Kristján Davíðsson(KRD), Kristján Davíðsson(KRD), Þorleifur Jóhannsson(ÞOR), Leifur Brynjólfsson(LEB), Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir(RGU), Sólveig Þóra Jónsdóttir(SÓL), Sveina Björk Jóhannesdóttir(SBJ), Þóra Björg Eiríksdóttir(BJE), Urður María Sigurðardóttir(UMS), Valgerður Dögg Jónsdóttir(VAL), Véronique Anne Germaine Legros(VER), Þorsteinn Kruger(ÞOK), Þóra Björg Eiríksdóttir(BJE) og Þröstur Ásmundsson(ÞRÁ).


Eftirtaldir áfangar voru í áfangamati:

ÁGS1024	BÓKF1DH05	BÓKF2FV05	DANS1TO05	FÉLA1MS05	FÉLA2FA05
FÉLA3SE05	FÉLA3SP05	GLU1048	GRUN1FF04	GRUN2ÚF04	HAGF2RÁ05
HEIM2HK05	HTL5036	HTL6036	HÚB1024	HÖNN3VS05	HÖTE2FA06
HÖTE2HU05	HÖTE2VE06	HÖTE3BT07	HÖTE3ST06	INK1024	INR106C
LHÚ1048	LISA1HN05	LISA3ÍS05	LÍFS1FN04	LÍFS1SN01	LKN2924
MARG1MV03	MELÆ1ML05	MYL5048	MYL6036	MYNL2HU05	MYNL2LJ05
MYNL2MA05	MYNL3MS05	MYNL3TS10	MYS4024	PRJ1036	SAGA1NM05
SAGA2SÍ05	SAGA3AM05	SAGA3EM05	SÁLF2SF05	SÁLF2SP05	SÁLF3FR05
SÍDF1SÁ05	SJÓN1LF05	STÆ5036	STÆF1AH05	STÆF1BP04	STÆF1JF05
STÆF2LT05	STÆF2TE05	STÆF2VH05	STÆF3FD05	STÆF3ÖT05	TEH1036

TEH3036 TPL1036 TRÉS2NT04 TRÉS2PH10 TRS1024 UPPE2UK05
UPPE3MU05 VIÐS1VV05 VIÐS3SS05


Kennarinn er vel undirbúin(n) þegar hann kemur í kennslustundir (Svarhlutfall 640/641)

1. Mjög sammála - **64%** (407/640)
2. Frekar sammála - **33%** (209/640)
3. Frekar ósammála - **3%** (20/640)
4. Mjög ósammála - **1%** (4/640)




Kennarinn hefur elft leikni mína og hæfni í námsgreininni (Svarhlutfall 639/641)

1. Mjög sammála - **49%** (313/639)
2. Frekar sammála - **37%** (239/639)
3. Frekar ósammála - **10%** (62/639)
4. Mjög ósammála - **4%** (25/639)




Kennarinn heldur góðum vinnufriði í kennslustundum (Svarhlutfall 640/641)

1. Mjög sammála - **54%** (343/640)
2. Frekar sammála - **39%** (248/640)
3. Frekar ósammála - **7%** (43/640)
4. Mjög ósammála - **1%** (6/640)




Ég get leitað til kennarans t.d. ef ég skil ekki námsefnið (Svarhlutfall 641/641)

1. Mjög sammála - **68%** (433/641)
2. Frekar sammála - **26%** (165/641)
3. Frekar ósammála - **5%** (32/641)
4. Mjög ósammála - **2%** (11/641)




Kennarinn gerir námið áhugavert (Svarhlutfall 640/641)

1. Mjög sammála - **43%** (275/640)
2. Frekar sammála - **35%** (226/640)
3. Frekar ósammála - **15%** (96/640)
4. Mjög ósammála - **7%** (43/640)




Samskipti mín við kennarann hafa verið góð (Svarhlutfall 640/641)

1. Mjög sammála - **64%** (412/640)
2. Frekar sammála - **30%** (195/640)
3. Frekar ósammála - **5%** (30/640)
4. Mjög ósammála - **0%** (3/640)




Kennarinn mismunar ekki nemendum (Svarhlutfall 639/641)

1. Mjög sammála - **67%** (426/639)
2. Frekar sammála - **26%** (165/639)
3. Frekar ósammála - **5%** (32/639)
4. Mjög ósammála - **3%** (16/639)




Kennarinn notar fjölbreyttar kennsluaðferðir (Svarhlutfall 640/641)

1. Mjög sammála - **38%** (244/640)
2. Frekar sammála - **37%** (238/640)
3. Frekar ósammála - **18%** (113/640)
4. Mjög ósammála - **7%** (45/640)




Ég stunda námið í áfanganum samviskusamlega (skila verkefnum á réttum tíma, er virk/virkur í hópastarfi, tek þátt í umræðum í tímum og fl.) (Svarhlutfall 641/641)

1. Mjög sammála - 52% (334/641)
2. Frekar sammála - 40% (258/641)
3. Frekar ósammála - 7% (43/641)
4. Mjög ósammála - 1% (6/641)




Aðstaða til náms og kennslubúnaður (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum eru viðunandi (Svarhlutfall 640/641)

1. Mjög sammála - 51% (328/640)
2. Frekar sammála - 43% (278/640)
3. Frekar ósammála - 5% (30/640)
4. Mjög ósammála - 1% (4/640)




Námsgögn (bækur, vefsíður, verkefnahefti o.f.l.) í áfanganum eru viðunandi (Svarhlutfall 639/641)

1. Mjög sammála - 55% (349/639)
2. Frekar sammála - 39% (252/639)
3. Frekar ósammála - 5% (33/639)
4. Mjög ósammála - 1% (5/639)



Á heildina litið er ég er ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum (Svarhlutfall 637/641)

1. Mjög sammála - 58% (367/637)
2. Frekar sammála - 34% (214/637)
3. Frekar ósammála - 6% (36/637)
4. Mjög ósammála - 3% (20/637)



Ábendingar um það sem þér finnst jákvætt við áfangann og/eða kennarann:

- 3 kennarar að kenna þannig maður lærir fleiri en eina aðferðir í gegnum þa
- Áfanginn er að leyfa okkur að búa til fjölbreytileg húsgögn í þessari önn.
- Áfanginn er skemmtilegur og Z er góður kennari!
- Áfanginn er skemtilegur
- bara fínir tímar og skemmtilegur kennari
- bara kennarinn er góður og við lærum alltaf eitthvað
- Bara skemmtilegt og fjölbreytt nám
- Ekkert áhugavert við áfangann með þessum kennara
- ekkert jákvætt því ég skil ekkert í tímanum því ég get ekki hlustað á kennaran
- Ekkert mál að leita til hans ef það eru spurningar eða vandamál. Góður kennari, fluggáfaður og hefur endalausa þolinmæði. Mjög þægilegt að hafa útreikninga og lausnir á moodle ef maður missir úr eða er að reikna heima.
- Ekkert nema að Z er ágætur kennari
- Er bara dasamleg
- Ég hef aldrei verið mjög sterkur í stærðfræði en Z útskýrir dæmin á mjög einfaldan og auðskiljanlegan hátt. Hann er einnig mjög skýrmæltur og talar rólega svo að allir skilji. Hann er með fagið sitt algjörlega á hreinu og getur aðstoðað við öll dæmin, ekki með því að segja okkur svarið heldur beinir hann okkur í rétta átt og leyfir okkur að finna svarið sjálf.
- finnst gaman í þessum áfanga þar sem það eru miklar rökræðingar í tímum og leiðir stundum í rifrildi
- finnst gott hva það það er goður vinnufriður i timunum

- Finnst hún gefa sér nægan tíma til að aðstoða og finnst það alltaf jafn gaman þegar hún hrósar manni fyrir eitthverju ákveðnu atriði :)
- Finnst kennarinn skemmtilegur
- Finn stærðfræði kennari, mjög góður að útskira hlutina. Bara leiðinlegt er þegar maður missi af tímum út af veikindi og missi kafla. Og hann mætti vera duglegri að taka eftir að fólk er að tala/hvislast í sal og það trufla manni svo mikið ٧٧
- Frábær kennari, alltaf jákvæð og hress, heldur góðum frið, heldur öllum við námsefnið, góðar skýringar hjá henni, reyndar þínu hratt farið yfir námsefnið, stundum of mikil pressa. annars allt mjög gott.
- Frekar erfitt að halda einbeitingu í tíma vegna háfaða úr smíðastofu
- Gamán að læra eitthvað sem við virkilega þurfum að nota í framtíðinni
- geiðveik að það eru verkefni í hverji viku svo eg hef meiri skillnig því eg a mjög efit að einbeita mer að hlusta a hann þar sem hann tala mjög mikið og stundum allan tíma en verkefnið gerir það betra og gefur mer skilning
- Góðir að kenna sýna vel
- góður áfangi
- góður kennari
- Góður kennari í heildina litið. Tekur sér tíma til að útskýra nákvæmlega ef maður skilur ekki og er samviskusamur
- Góður kennari og gott að tala við hana
- Góður kennari, kann sitt fag
- Góður kennari, vill hjálpa manni
- Góður og hress kennari gerir tímana skemmtilega
- Hann talar allan tímann, alla tímana, og það er að drepa alla úr leiðindum
- Hann tengir efnið við það sem er í gangi í dag.
- Hef gaman af því hvað allir eru opnir og þora oftast að segja sínar skoðanir um ýmsa hluti í áfanganum og finnst það frábært Z komi ekki fram við okkur eins og bara nemendur, eða þú veist, heldur í rauninni eins og við séum einn stór "vinahópur" ef það meikar sense :)
- Heldur athygli minni vel við efnið
- Hress og skemmtileg, alltaf glöð og full af áhuga. Kemur efninu vel til skila og hlustar vel á nemendur.
- Hún er alltaf tilbúin til að hjálpa
- Hún er mjög góður kennari og tekur tilít til vandamál nemenda og kemur þannig upp með hugmyndir svo allt muni virka
- Hún er mjög skemmtilegur kennari og lætur tímana vera skemmtilegri. Talar um kennslu efnið og gerir það léttara. Maður er ekki feimin við hana sem er mjög jákvætt.
- Hún kemur til allra og spyr hvort það gangi vel og útskýrir vel efnið ef að maður skilur ekki og hjálpar manni að áhuga
- Hún reynir að útskýra mjög vel.
- Hún sinnir manni alltaf er maður skilur ekki eitthvað og reynir með sinni bestu getu að hjálpa manni, hun hlustar á það sem maður hefur að segja og við náum alltaf öll að tala saman og hjálpa hvort öðrum.

- Jákvæðni í kennslustund
- jákvæður og góður kennari
- Jákvæður og skemmtilegur kennari sem gerir námið mjög áhugavert og skemmtilegt.
- Jákvætt að hafa einn tíma í viku umræðutíma.
- Kennarinn er mjög skemmtilegur og mjög gott andrúmsloft í tímanum
- Kennarar eru mjög góðir og það er gott að vinna hjá þeim
- Kennari er rólegur, skír og hefur augljóslega góðan skilning á því efni sem hann er að kenna. Hann útskýrir hluti eins og afhverju einhver jafna er í öðru veldi, svoleiðis upplýsingar eru mjög góðar til að auka skilning á efninu (margir kennarar gera þetta ekki!). Hann fer á góðum hraða yfir hvert viðfangsefni og býst aldrei við því að allir skilji strax það sem hann er að kenna....
- Kennari í góðu skapi og létt að ná í aðstoð. Erfiður áfangi en skemmtilegur.
- Kennarinn er alltaf í góðu skapi og sýnir þolinmæði gagnvart nemendum og er dugleg að hjálpa
- Kennarinn er frábær.
- Kennarinn er hress og fyndinn og gerir morgnanna í skolanum betri
- Kennarinn er mjög fín.
- Kennarinn er mjög skemmtileg og hef gaman í tímum hjá henni
- Kennarinn er mjög yndæl.
- Kennarinn er skemmtilegur, í góðu skapi og hlustar á nemendur. Áfanginn er fróðlegur og skemmtilegur.
- Kennarinn er skemmtilegur, í góðu skapi og snyrtilegur. Áfanginn er skemmtilegur og fróðlegur.
- kennarinn er æði
- Kennarinn er æðislegur og hún kemur vel framm og skilur mann rosalega vel,
- kennarinn flottur og er ekkert að æsa mig mikið
- kennarinn flottur, kennir allt vel og kemur fyrir mæli koma skyr og vel fram. vel undirbúinn og talar ekkert eðlilega mikið. Náms efnið er eitthvað það leiðinlegasta sem ég veit um.....
- Kennarinn gerir námið skemmtilegt og áhugavert, með bestu kennurum sem ég hef haft.
- Kennarinn gerir verkefni skemmtilegt og hann verður aldrei mjög pirraður
- Kennarinn hefur áhuga á efninu, og það gerir tímana skemmtilega.
- Kennarinn hefur áhuga á kennslunni og nemendum. Er alltaf í góðu skapi, brosmildur og kátur.
- Kennarinn kann sitt fag og nær oftast athygli nemenda.
- Kennarinn kemur vel fram við nemendur og kann sitt fag.
- kennarinn sýnir mikinn áhuga á náms efninu.
- Kennarinn sýnir mikinn skilning gagnvart nemendum fjölbreytni í verkefnum
- Kennir manni mikið og lætur mann halda áhuga
- kennir vel
- Mér finnst allt gott við þennan áfanga
- Mér finnst allt jákvætt en sumar vélar mættu vera betri. Þær eru orðnar þínu gamlar.
- mér finnst áfanginn mjög góður

- Mér finnst áfanginn mjög leiðinlegur, námsefni alltof flókið, þá hvernig það er orðað. Mér finnst að Z þurfi að gera námsefnið meira spennandi, hann þarf líka að tala meira nútímamál.
- Mér finnst bara fínt og hef ekkert að segja um ı ı
- Mér finnst hún alltaf jákvæð og í góðu skapi. Það skiptir meira máli en margt annað í kennslu að mínu mati. Hún mætir fjölbreyttum hópi að skoðunum og aldri með algjörlega opnum hug og lætur ekki á því bera ef henni finnst skoðanir nemendanna ekki samsvara sínum. Ég vil hrósa Z sérstaklega fyrir gott og þægilegt viðmót.
- Mér finnst kennarinn mjög jákvæð og leyfir okkur nemendunum að segja frá okkar skoðanir. Leyfir okkur að segja hvað okkur finnst og þá taka allir þátt. Gerir tímana spennandi.
- Mér finnst Z mjög yndisleg og góð manneskja. Það er þægilegt að tala við hana og fá hjálp hjá henni. Hún útskýrir vel fyrir mér og gefur sér tíma til þess að hjálpa manni ef maður á erfitt með dæmin.
- Mér finnst Z vel skapandi og frumleg í kennslunni, nálgast hvern og einn nemanda af mikilli alúð og nær að koma öllum nemendum til að taka þátt og ná því besta út úr þeim.
- Mér finnst þessi áfangi alls ekki skemmtilegur, en gerir áfangan alveg mjög fínan. Hún er svo hress, skemmtileg og hún útskýrir námsefnið mjög vel.
- Mér finnst þetta bara mjög skemmtilegur áfangi.
- mér finnst æðislegt hvernig kennarinn útsýrir hlutina og hvað hún er órhædd við að tjá sig. Það er oft hlegið í tímum og það er bara gaman
- Mér finst áfangar sem eru símats miklu betri upp á að þá er maður ekki stressaður alla önnina fyrir lokaprófið og stendur sig vel alla önnina.
- Mér finst mjög leiðinleg staðreynd að þetta sé lokaprófs áfangi, þar sem að maður er svo stressaður alla önnina bara fyrir lokaprófinu. Ef þetta væri símatsáfangi væri það miklu betra, þá er maður að standa sig vel alla önnina. Ég sé mikið af krökkum sem nenna ekki neinu í tímum því þeir hugsa bara "þetta skiptir engu, ég þarf bara 5 á lokaprófi".
- Mjög áhugavert að fræðast um sögu mið austurlanda og kennarinn kemur sínu fram mjög vel
- Mjög fínn áfangi og góður kennari
- mjög góð
- Mjög jákvæð og upplífandi
- Mjög skemmtileg og áhugaverð kennsla hjá Z. ...gerir kennsluna persónulega og maður getur lært betur og tengt þegar kennslan er þannig í stað gamallar kennslubókar að mínu mati .
- Mjög skemmtilegir tímar og mjög yndislegur kennari :)
- Mætti fara í fleiri skoðunarferðir
- námsefnið er ekki neitt.. er ekki búinn að læra stakt orð.. en kennarinn skemmtilegur og fær mann til að taka þátt í verkefnum...
- nær oftast oftast ef ekki alltaf að láta mann skilja efnið ágætlega, þó maður sjái alls ekki fyrir endan á þessu og alltaf til í að hjálpa manni.
- samgært allt í afangnum.
- Skemmilegt kennsluefni og skemmtilegur kennari.

- Skemmtilegir tímar
- skemmtilegir tímar og góður kennari
- Skemmtilegt að hafa verkefni sem við vinnum svona fjölbreytt.
- skemmtilegur kennari
- Skemmtilegur kennari :)
- Skemmtilegur og áhugaverður áfangi.
- Skemmtilegur og hress kennari, áhugaverður tími skemmtilegt efni
- Skóla þessa ketti á aftasta bekk
- Tímanir eru alveg fínir en stundum ekki. Z er góður kennari
- Tímanir eru alveg fínir en stundum ekki. Z er góður kennari
- Vel kennt, lætur man halda einbeitingu við efni og maður lærir helling
- Vel undirbúinn
- við lærum ekkert því þetta er bara lífsleikni en þusst annars er þetta bara ok
- Z er alltaf vel undirbúin fyrir tíma, hún hefur mjög gott lag á nemendum, er mjög róleg og kemur nemendum til að taka þátt í verkefnum. Það er mjög gott að leita til hennar. .. það er mjög gott að vinna með henni, hún nær að ýta manni áfram og hugsa út fyrir kassann.
- Z er áhugasöm um það sem hún er að kenna.
- Z er einfaldlega æðisleg!
- Z er finnn bará frekar gamaldags.
- Z er finnn gaur.
- Z er finnn og rólegur
- Z er frábær
- Z er frábær kennari og hefur aukið sjálfstraust mitt í dönsku. Ég hlakka alltaf til að fara í tíma, í tímum er afslappað andrúmsloft og góður vinnufriður. Z er mjög sanngjarn kennari
- Z er frábær kennari og steldur sig mjög vel í kennslunni ூ ூ ூ
- Z er frábær kennari, hress, jákvæð og brosmild en hefur fulla stjórn á bekknum. Öguð og sanngjörn. þetta fag hefur komið skemmtilega á óvart
- Z er frábær kennari, hún er opin og skilningsrík þegar kemur að þörfum nemenda. Hún hikar ekki við að hjálpa ef einhver er í vandræðum og heldur andrúmsloftinu í stofunni alltaf jákvæðu.
- Z er góður kennari og Z er ágætur áfangi.
- Z er góður kennari. áfanginn er áhugaverður.
- Z er langbesti kennarinn í þessum skola
- Z er lífleg og skemmtileg áfanginn væri sennilega leiðinlegur án hennar
- Z er minn uppáhalds kennari, hún er svo mikið yndi og sínir skilning fyrir öllu og er alltaf tilbúin að hjálpa. maður lærir eitthvað nýtt í hverjum tíma hjá henni.
- Z er mjög skipulögð og gerir námið mjög skemmtilegt
- Z er skemmtileg og hress og hlakka alltaf til að fara í tíma hjá henni :)
- Z er skemmtilegur kennari og alltaf stutt í húmorinn. Hann nær mjög vel til nemenda :)
- Z er æðisleg, klárlega uppáhalds kennarinn minn. Hún er svo skemmtileg og jákvæð í tímum og það gerir alla jákvæða. Mig hlakkar alltaf til að koma í tíma til hennar.
- Z mætir alltaf með bros og er alltaf til í að hjálpa

- Z tengir vel við hvað við erum að gera og fara í gegnum og segir okkur bara hlutina eins og þeir eru og er ekki að reyna kenna námsefnið eins og það var gert fyrir 20 árum hann setur nútíma spin á þetta.
- Það er alveg hægt að segja að Z sé yndislegur kennari sem leggur sig fram við að kenna nemendum sínum eins best og hún getur ásamt því að halda kennslustundunum skemmtilegum og áhugaverðum. Klárlega uppáhalds kennarinn minn!
- Það er bara allt mjög fint
- Það getur verið skemmtilegt
- Það ketur verið skemmtilegt
- Það sem mér finnst jákvætt við þennan áfagna er að hann eflir einstaklinga í hópstarfi.
- Þeir útskýra verkefnin vel
- Þetta er bara mjög góður undirbúningur fyrir framtíðina.
- Þetta er mjög sjálfstæður áfangi og það er meira og minna treyst á hvern og einn nemanda. Þú færð að vinna í friði ef þú vilt og í verkefnum máttu vera inna bókasafninu að læra ef það hentar þér betur. Z kemur þér alltaf til hjálpar ef þú þarft þess.
- Þetta er skemmtilegur afangi og æðislegir kennarar, þau myndalíf í hópnum og vita að hópvinna hjalpar öllum að læra og flýtir fyrir með öll verkefni.
- Þetta eru öðruvísi tímar og get þeir verið svolítið skemmtilegir, það eina sem er leiðinlegt eru þessar tölvur!
- Zer einn botnlaus viskubrunnur(veit allt um námsefnið)
- Z er einn skemmtilegasti kennarinn sem kennir bókleg fög, það sést að hann hefur gaman og mikinn áhuga á kennslunni.
- Æðislegur kennari í alla staði, gæti ekki beðið um betri og skemmtilegri kennara
- Æðislegur kennari, hefur kennt mér mikið og komið mér langt. ... það er ekkert annað að segja nema bara frábær kennari, kennir mjög vel og nær athygli frá nemendum fljótt og er stundvís og kennir æðislega ٧٧

Ábendingar sem þú vilt koma á framfæri um áfangann, kennara eða kennsluna:

- Að kennarinn eigi ekki að gera uppá milli nemenda og virði hvern og einn nemenda eins
- Að mínu mati finnst mér (og fleirum) betra að allir vinni í heftinu og ef að okkur vantar hjálp þá gætum við rétt upp hönd, það gefur okkur kleift að læra betur inná stærðfræðina og það styrkir okkar á vissan hátt. Við þurfum þá meira að treysta á okkur sjálf og að vissu leiti er það gott, allavega í stærðfræðinni. Annars er ég mjög ánægð með áfangann og hef ég mikinn áhuga á stærðfræði.
- Á erfitt með að vinna verkefnin finnst oft erfitt að finna svör við spurningum
- Áfangi er ágætur, lættur þegar maður skilur hann. Kennarin er góður kennari mætti þó rifja upp (gömlu kafla) svona stundum eða spyrja hvort einhver vill láta rifja upp eitthvað fyrir sig. Þó það sé bara að sína og láta skilja sig hvernig maður reiknar dæmin ٧٧ Annars er hann bara æðislegur kennari. Mætti þagga offtar í talandi krakkar í salnum þó ٧٧
- Ágæt kennsla en er bara ekki að henta mér að vera með glærur og svara svo spurningum
- Bara vinnufriður gæti verið betri en það er erfitt þegar maður er með svona hóp

- Ef einhver segir eitthvað slæmt um Z eða þennan áfanga þá er það beinlínis rangt
- Eina sem hann gerir er að lesu uppúr bókinni og tengja það við það sem er í gangi í dag. Ef þú lýtur yfir bekkinn þá eru flestir að deyja úr leiðindum í næstum hverri kennsluastund. Hann lætur nemendurna lítið þæla í það sem hann er búinn að vera lesa.
- Ekkert þetta er góður áfangi
- Ekki miklar, bara ef kennarinn heldur áfram að vera skemmtilegur er ég sáttur.
- En sama hvað það er gert þá er þetta efni bara ekki að gleðja mig. Ég hef bara engann áhuga á forntímum og íslendingasögum.
- Fáranleg einkunnagjöf.
- Fer stundum aðeins of hratt í gegnum upprifjanir og reglur á nýjum köflum og maður missir stundum af, oftast vinnst það samt upp.
- Finn tímarnir ekki vera nógu fjölbreyttir
- Finnst kennarinn stundum flækja efnið óþarflega mikið. Glósumnar sjálfar eru ekki það flóknar. Erfitt að fylgjast með hvað kennarinn er að tala um. Talar frekar mikið í hringi.
- Flýtir sér svolítið mikið, ætlast til þess að maður klári meira í hverjum tíma en maður getur og er komin aðeins á undan áætlun held ég
- Föllum alltof hratt í gegnum allt námssefnið og þetta er svo mikið í einu.
- hafa spurningar í lok tímann.. þannig maður nenni að hlusta og þurfi að hlusta. þurrt og leiðinlegt
- hann á það til með að nota gamaldags orð verkefnum sem gerir skilning erfiðar
- Hann fer alltof hratt í gegnum efnið
- kannski að vera meira fjölbreytilegur
- kennarinn raskar meira friðinn þegar hun er að skamma nemendur heldur en nemendurnir sjálfir
- kennarinn nær mikið til krakkan og er skemmilegur og hún er samgjö
- Mér finnst að við ættum að fá konu sem módel oftast, á allri önninni hef ég einu sinni fengið kvenkyns módel. Það þarf að hafa smá fjölbreytni.
- mér finnst að við ættum að tala meira um jákvæða hluti.
- Mér finnst áfanginn frekar erfiður.
- Mér finst mjög erfitt að læra mikið um námsefnið þegar við hlustum aðallega á glærur, ég læri miklu meira á að gera og spjalla um hlutina. Auðvitað gerum við verkefni og svoleiðis, en mér finst ég samt ekki læra mikið svona.
- Mjög lítið sem þarf að bæta finnst mer
- Mjög erfið rit með flókna íslensku kennarinn gefur ósanngjarna einkannir
- Mjög skemmtilegur og fróðlegur áfangi.
- mætti vera persónulegri svo allir ná í efninu og haldi sér við og skilji efnið
- Mætti vera símatsáfangi
- Ótrúlega mikið efni og kennarinn talar allann tímann, auðvelt að missa einbeitinguna
- Stundum farið svolítið hratt yfir efnið, svolítið fram og til baka í efninu.
- Talar með of róandi röddu þannig að ég verð þreyttur
- til hvers er þessi áfangi...? eina spurning mín
- tímarnir eru skemmtilegir og kennarinn gerir þá æðislega
- vantar aðeins fjölbreyttari aðferðir við verkefnin.

- Vantar betri tölvur! Jafnvel forrit líka!
- Z getur verið of góð við fólkið sem skilar ekki á réttum tíma, ef það þarf að skila verkefni 20. Jan þá skilarðu bara 20. Jan og ekkert annar sjens en hún er buin að gefa ansi marga sjensa
- Það er ALLTOF mikið af verkefnum..... veit að það er verkefna áfangi en uppa þetta bætast svo tímaverkefni sem er stundum alveg 40spurningar og náum við ekki að klára það þar þurfum við að gera það heima og finnst eins og það sé ekki fattað að við erum líka í fleiri áföngum en þessum og þurfum líka að skila verkefnum þar þannig tel þetta alveg vel mikið :) en hef ekkert að setja út á kennaran :)
- Það mætti gefa örlítið lengri tíma í að læra kaflana.
- Það mættu vera færri fyrirlestar og fleiri umræður og annað slíkt
- Það væri betra að hafa þínu minna námsefni, fara aðeins hægar yfir hvern kafla. Þetta hefur verið þínu á hraðkeyrslu.
- Þarf ekki að bæta neitt
- Þegar við erum að vinna verkefni og eigum að skilgreina eitthvað. Þá eru skilgreiningarnar í bókini oft skrítnar og dreifast yfir margar blaðsíður og maður endar á því að skrifa einhvað sem maður skilur kannski ekki beint sjálfur. Hef einnig lent í því að finna ekkert um þá sem ég leita upplýsingar um þó svo að ég fari aftast finni nafnið á þeim og fari á allar bls, þá eru upplýsingarnar sem ég leitast eftir ekki þarna.a
- Þessi áfangi mætti alveg vera símatsáfangi.
- Þetta er þannig áfangi að oft er auðveldara að tala um kennsluefnið en að skrifa um það